NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
FORNLEIFADEILD

# Menningarminjar við nýtt vegstæði í Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurhreppi og Reykhólahreppi.



**Ragnar Edvardsson**
**fornleifafræðingur**

Apríl 2005
NV nr. 04-05


Náttúrustofa Vestfjarða | Sími: 4567005 | Kennitala: 610397-2209
Aðalstræti 21 | Fax: 4567351 | Netfang: nave@nave.is
415 Bolungarvík | Heimasíða: http://www.nave.is

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ........ 2

1. Inngangur ........ 3

2. Skrá yfir fornleifar ........ 5

3. Fornminjar og minjastaðir á tilvonandi framkvæmdarsvæði ........ 30

4. Umfjöllun um minjastaði og tillögur um verndun ........ 33

5. Kort ........ 35

6. Heimildaskrá ........ 45

# 1. Inngangur

Hér birtist skýrsla yfir fornleifakönnun og skráningu sem gerð var vegna fyrirhugaðrar nýlagningar vegar á milli Strandasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu. Nýja vegstæðið liggur frá Hrófá í Hólmavíkurhreppi eftir Arnkötludal og niður í Gautsdal í Króksfirði.

Í Arnkötludal eru lagðar til tvær leiðir; leið 1 og leið 6-N. Vegtenging við Djúpveg er sú sama en þær aðskiljast ca við stöð 2.000 og liggur leið 6-N austan við Arnkötludalsá frá stöð 3.700 og að ca stöð 14.000 en þar koma þær saman aftur. Leið 1 liggur þá vestan megin við Arnkötludalsá.

Í Gautsdal og Geiradal koma til greina fjórar tengingar við Vestfjarðaveg. Leið 1 fer yfir Bakkaá og tengist Vestfjarðaveg austan við Geiradalsá, nærri afleggjara á Tröllatunguvegi. Leið 2-S fer yfir Gautsdalsá og tengist Vestfjarðavegi rétt vestan við Geiradalsá. Leið 3-S og 4-S liggja yfir Gautsdalsá og tengjast Gautsdalsvegi og af honum Vestfjarðavegi. Eini munur á þessum tveimur leiðum er að leið 4-S fer innar í dalnum yfir á Gautsdalsveginn. Leiðirnar og námur má sjá á yfirlitsuppdrætti á mynd 1 (SD-01).

Við fornleifakönnun var beitt þeirri aðferð að vinnuferlinu var skipt í tvo áfanga; heimildakönnun og vettvangsathugun. Við heimildakönnunina voru ritheimildir skoðaðar sem gætu gefið vísbendingu um minjastaði, m.a. örnefnaskrár, jarðabækur, ofl. Skýrslunni fylgir niðurstöður heimildakönnunarinnar.

Ef heimild hafði gefið til kynna staðsetningu minjastaðar nálægt veglínu var reynt að finna þann minjastað. Allir minjastaðir sem heimildir gáfu vísbendingu um og voru fyrir utan 300 metra frá vegstæðinu voru ekki kannaðir við vettvangsathugun. Allar minjar sem fundust voru staðsettar með GPS staðsetningartæki, ljósmyndaðar, teiknaðar og þeim lýst. Áhersla var lögð á svæðið næst vegstæðunum, þ.e. 0 – 300 metra frá miðlínu vegar en að auki voru nokkrar minjar sem voru fyrir utan 300 metra teknar með. Við úrvinnslu voru allar upplýsingar um minjar settar inn í gagnagrunn sem svo var unnið úr í GIS (Geographical Information System).

Í skýrslunni er lagt mat á þá hættu sem minjastöðum stafar af framkvæmdunum. Hættumatið byggir á þrem flokkum: Varúðarsvæði 1, varúðarsvæði 2 og varúðarsvæði 3. Í fyrsta flokkinn (varúðarsvæði 1) falla þær rústir sem eru innan veghelgunarsvæðis, þ.e. 0-60 metra. Í annan flokk (varúðarsvæði 2) falla þær rústir sem eru það nálægt vegstæðinu að framkvæmdir við hann gætu raskað fornminjum, þ. e. 60 – 300 metra fjarlægð. Í þriðja flokkinn (varúðarsvæði 3) falla þær rústir sem eru í engri hættu vegna framkvæmdanna, þ.e. í meira en 300 m fjarlægð frá vegstæðinu.







Mælikvarði 0 400 800 1200 1600 2000 m

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A | | 23.02.05 | HjS | BE | |
| útg. | breyting | dags. | nafn | yfirf. | |

**Línuhönnun** verkfræðistofa

| | DAGSETNING | NAFN |
|---|---|---|
| HANNAÐ | Sept. 2004 | HjS/GG |
| TEIKNAÐ | Des. 2004 | HjS |
| YFIRFARIÐ | X | X |
| SAMÞYKKT | | |

Leið ehf

Stranddalavegur

Yfirlitsmynd

vegnúmer

teikning nr.

SD-01

| | Mælikvarði (A3) | Útgáfa |
|---|---|---|
| 01-Yfirlitsmynd.dgn | 1:40000 | A |

# 2. Skrá yfir fornleifar

Við heimildarsöfnun og skráningu í gagnagrunn var notast við skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Í því skráningarkerfi hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í jarðatali Johnsens frá 1847 og eru jarðir tölusettar eins og þar. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er með hvaða jörð ákveðnir minjastaðir eru taldir. Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BA-45:001). Fornleifaskráin hefst á yfirliti yfir stærð jarðarinnar eins og hún er í jarðatali Johnsens og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706. Síðan er getið um elstu heimildir um jörðina og loks stærð túna.

Við vettvangsvinnuna var beitt fornleifafræðilegri aðferðafræði. Öll vegstæði voru gengin og var leitað að fornminjum í a.m.k. 300 m frá miðlínu vegar. Ekki var sérstaklega leitað að fornminjum eftir heimildum nema að að augljóst að þær væru í eða við vegstæðið.

## ST-52 Hrófá

[1710] "Jarðardýrleiki xii" [Á.M.VII. Bls. 396] "Þórir hét maðr, er bjó at Hrófá í Steingrímsfirði. Hann var mikill hávaðamaðr ok heldr ódæll ok óvinsæll. Hann varð missáttr við hirðmann Ólafs konungs í kaupstefnu í Steingrímsfirði ok særði konungsmann miklu sári." [Ísl.sög. V., Fóstbræðrasaga,] "Þat var eitt sinn, at Þórarinn kom skipi sínu af hafi í Hraunhöfn ok hafði sótt sér húsavið. Þar lá fyrir skip Þorgeirs Hávarssonar, ok hafði hann sekr orðit um sumarit um víg Þorgils, frænda Grettis Ásmundarsonar, ok um launvígsmál Þóris at Hrófá." [Ísl.sög. IX., Þórarins þáttur ofsa.]

**ST-52: 001** *Hrófá* heimild býli
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 002** heimild byrgi
"Heimst á Hólmanesinu, á smábala undir klettabrík, er grjótbyrgi (lambabyrgi). Vestur úr Hólmanesi gengur grjótrif eitt, er liggur fram á svonefnda Landeyju." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 003** *Stekkjarflói* heimild stekkur
"Bak við að norðan við Smjörbekk er djúp lægð, Grenshamarslægð, eftir henni fellur lækur í flóann og um hana liggur landamerkjagirðing. Framan við Smjörbekk er Fjárlág, hún liggur þvert í gegnum hálágarkambinn og sameinast Grenshamarslág. Þannig umlykja þær Smjörbekksbunguna. Framan við Flóabotnaflesjur eru holtamelar og mýrarsund. Þar fram af Stekkjarflói; úr honum kemur Skeiðislækur, er rennur ofan með svonefndum Ásum og í Bæjarflóa." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 004** *Fornistekkur* heimild stekkur
"Heimritvíhlíð nær frá áðurnefndum holtaflákum að Hafursflóalæk. Heimst í þeim er Stekkjarhvammur allstór, og rétt við enda hans, flóamegin, er gamall stekkur, Fornistekkur." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 005** *Kvíahóll* heimild Kví
"Þá skal enn farið heim að túni á Hrófá og fikrað sig fram landið með ánni og þar að, er áður er talið. Heima við túnið eru tveir hólar, er standa þar á láglendisflesju með dálitlu millibili, Kvíarhóll hinn nyrðri, og Nátthagahóll sá syðri. [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 006** *Nátthagahóll* heimild nátthagi
"Þá skal enn farið heim að túni á Hrófá og fikrað sig fram landið með ánni og þar að, er áður er talið. Heima við túnið eru tveir hólar, er standa þar á láglendisflesju með dálitlu millibili, Kvíarhóll hinn nyrðri, og Nátthagahóll sá syðri. [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 007** *Hrófársel* heimild býli
"Lengra fram þarna nær svo ekki Hrófárland. Allt þetta land frá Stórhól að Sauðgili heitir Partur. Framan við Heimri-Ásana liggja Selmýrar, ofan og framan við þær er svo Hrófársel. Féll það úr byggð um síðastliðin aldamót. Mun hafa búið þar síðastur bænda Jón Ívarsson. Selmýrar liggja fram undir Fauskhólasund. Þó skilur þar á milli nokkurt holtasvæði." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 008** *Tóftardalur* heimild óþekkt
"Síða er í Víðidalsárlandi, norðan fjallgarðsins. Framan við téð skarð hækkar landið mjög, þó nokkuð aðlíðandi, en verður þó bráðlega hár fjallhryggur, er liggur til suðvesturs alla leið suður að Hólmavatni. Norðan við þennan hrygg liggur Tóftardalur og drög hans þar fram úr og fylgja eftir fjallbungunni langt suður í hálendið." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 009** *Búðartangi* heimild verbúð
"Í túninu sjálfu er ekki mikið um örnefni. Talið er það vera innangarðs um 20 dagsláttur. Það liggur alveg að sjónum og er að mestu slétt, þegar inn með því kemur ganga úr því tveir smátangar til norðurs: Búðartangi og Viðartangi, og er þar í milli venjulegur lendingarstaður smábáta í vognum norðan megin tanganna." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 010** heimild lending
"Í túninu sjálfu er ekki mikið um örnefni. Talið er það vera innangarðs um 20 dagsláttur. Það liggur alveg að sjónum og er að mestu slétt, þegar inn með því kemur ganga úr því tveir smátangar til norðurs: Búðartangi og Viðartangi, og er þar í milli venjulegur lendingarstaður smábáta í vognum norðan megin tanganna." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 011** heimild áveita
"Við inntúnið liggur gamall skurður allt frá túntakmörkum og heim að bæ. Ennfremur hefur mátt sjá móta fyrir hlöðnum skurði eða stokk innan við túnið á leið til flóans. Gefur þetta bendingu um að vatni hafi verið veitt úr flóanum að bænum einhvertíman í fyrndinni." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 012** *Gamli garður* garðlag vörslugarður
"Vestan við skurð þennan er Jónsvöllur ca. 20 hestar. Heitið ber hann frá dögum Jóns Ívarssonar í Hrófárseli, sem þá einnig hafði hluta með af Hrófá og þar með þennan blett í túninu. Nokkuð fyrir utan bæinn er Gamli garður, sem er forn vörslugarður um Hrófártún." [Örnefnaskrá Hrófár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Hrófár

**ST-52: 013** *Skógarland* heimild býli
"Í heimalandi er gamalt býli, kallað Skógarland. Þar sjer túnstæði, tóftir og girðingar. Veit einginn nær eyðilagst hefur. Kann ekki að byggjast án jarðarinnar fordjörfunnar." [Á.M. VII.bls.397]
**Heimildir:** Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII., Kaupmannahöfn 1940.

**ST-52: 014** *Gautastadir* heimild býli
"Annað býli sýnist í landinu verið hafa, kallað Gautastadir. Þar sjást tóftir og girðingar, framar veit þar enginn um að segja. Kann ómöglega að byggjast." [Á.M.VII.bls.397]
**Heimildir:** Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII., Kaupmannahöfn 1940.

## ST-53 Víðidalsá

[1710] "Jarðadýrleiki xxiiii." [Á.M.VII.bls.395]
**Heimildir:** Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII., Kaupmannahöfn 1940.

**ST-53: 001** *Víðidalsá* bæjarhóll býli
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 002** heimild nátthagi
"Í norðvestur, upp úr Flatanum ganga tvö skörð, sem heita Fremra- og Heimra-Bæjarskarð. Upp af því Heimra er nátthagi. Flaturinn nær alla leið ofan að Bæjarflóa og er þar nátthagi." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 003** *Bugastaðir* heimild býli
"Niður af Hafísflóa er Grenshamralág. Upp af henni er há brún, sem heitir Grenshamar. Þar niður af eru Enni og ná þau upp undir nátthagann, er ég nefndi hér að framan. En áður var þarna býli, sem hét Bugastaðir, og sjást glöggt þar tóftir og fleiri mannvirki." [Örnefnaskrá Víðidalsár] [1710] "Í heimalandi, þar sem nú er stekkur brúkaður, hefur verið gamalt býli, kallað Baugastaðir. Nær bygst hafi eða nær í eyði lagst veit enginn, þó sjast þar tóftir og girðingar. Kann ómöglega að byggjast." [Á.M.VII.bls.396]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár. Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, Kaupmannahöfn 1940.

**ST-53: 004** *Hádegisvarðan* varða eyktamark
"Upp af flóanum er Táin og á henni Hádegisvarðan. Þar utan og ofan eru klettar, sem nefndir eru Hrafnabjörg. En upp af túninu er Hæðin og á henni Nónvarðan."[Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 005** *Nónvarða* varða eyktamark
"Upp af flóanum er Táin og á henni Hádegisvarðan. Þar utan og ofan eru klettar, sem nefndir eru Hrafnabjörg. En upp af túninu er Hæðin og á henni Nónvarðan."[Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 006** heimild sel
"En brúnin fyrir ofan þessa hvamma nefnist Hvammbrún. Brúnin heim af Hornhvammi nefnist Selhlíðarbrún og hlíðin Selhlíð. Slægjusundið heim af Breiðunum er nefnt Selhlíðarsogur, en bakkarnir eru nefndir Hornbakkar. Heimst í Selhlíðinni eru tóftarveggir og eru þeir síðan að þar var haft í seli frá Víðidalsá, því þarna allt í kring er mjög gott beitarland." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 007** heimild óþekkt
"Í miðjum Lækjum við ána er hóll, sem heitir Árhóll og er þar hylur í ána, sem nefndur er Kolluhylur. Víðirás er hryggurinn nefndur, sem nær neðan frá á og fram með Loðnasundi, Lækjarmegin. Á heimri ásnum er smalahús." [Örnefnaskrá Víðidalsá]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 008** *Tröllhóll* heimild tröll
"Þar fyrir heiman eru Sundin og ná þau alla leið ofan að ármótum, þar sem Víðidalsá rennur í innri ána. Nokkur af þessum sundum eru nefnd sérstöku nafni, og er þá rétt að nefna Mósund, sem er móti þverá og þar heimar er langt sund, sem kallað er Tröllkonusund. Í því er hóll, neðst, sem Tröllahóll heitir. Upp af þessu sundi er Loðnasund með veginum. Niður af Kiðaborg er tjörn, sem Smíðhúsatjörn er nefnd. Sundið að norðanverðu við Háumelana heitir Kvíasund og er nátthagi framanverður við það. En holtið þar fyrir handan er kallað Byrgisholt. Hjá því eru gamlir tóftarveggir." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 009** *Kvíasund* heimild kvíar
"Þar fyrir heiman eru Sundin og ná þau alla leið ofan að ármótum, þar sem Víðidalsá rennur í innri ána. Nokkur af þessum sundum eru nefnd sérstöku nafni, og er þá rétt að nefna Mósund, sem er móti þverá og þar heimar er langt sund, sem kallað er Tröllkonusund. Í því er hóll, neðst, sem Tröllahóll heitir. Upp af þessu sundi er Loðnasund með veginum. Niður af Kiðaborg er tjörn, sem Smíðhúsatjörn er nefnd. Sundið að norðanverðu við Háumelana heitir Kvíasund og er nátthagi framanverður við það. En holtið þar fyrir handan er kallað Byrgisholt. Hjá því eru gamlir tóftarveggir." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 010** *Byrgisholt* heimild Byrgi
"Þar fyrir heiman eru Sundin og ná þau alla leið ofan að ármótum, þar sem Víðidalsá rennur í innri ána. Nokkur af þessum sundum eru nefnd sérstöku nafni, og er þá rétt að nefna Mósund, sem er móti þverá og þar heimar er langt sund, sem kallað er Tröllkonusund. Í því er hóll, neðst, sem Tröllahóll heitir. Upp af þessu sundi er Loðnasund með veginum. Niður af Kiðaborg er tjörn, sem Smíðhúsatjörn er nefnd. Sundið(ath) að norðanverðu við Háumelana heitir Kvíasund og er nátthagi framanverður við það. En holtið þar fyrir handan er kallað Byrgisholt. Hjá því eru gamlir tóftarveggir." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 011** *Skothúsvíkurbarð* heimild skotbyrgi
"Barðið, sem síminn liggur eftir fyrir utan ána, er nefnt Skothúsvíkurbarð. Þar fyrir ofan eru Melar. Niður af Barðinu er Skothúsvíkin. Þar stendur réttin." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 012** heimild rétt
"Barðið, sem síminn liggur eftir fyrir utan ána, er nefnt Skothúsvíkurbarð. Þar fyrir ofan eru Melar. Niður af Barðinu er Skothúsvíkin. Þar stendur réttin." [Örnefnaksrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 013** *Valshöfði* heimild huldufólksbústaður
"Upp af Hjallhöfðanum er Valshöfði og eru þar að sögn heimkynni huldufólksins. Fyrir utan Valshöfðann eru Neðriborgirnar og þar fyrir ofan Borgarflói og er skarð úr honum sem Finnungsskarð er nefnt; nær það sem heitir Járnbogaskarð." [Örnefnaskrá Víðidalsár]

**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 014** *Skemmuhóll* heimild skemma
"Örnefni í sjálfu túninu eru þau sem hér segir: Skemmuhóll og Fjóshóll. Niður af Fjóshólnum er Brunnhúsflötin. En fyrir neðan er Ranaflöt og neðst á henni sést fyrir gömlum túngarði. Kofaflöt er þar fyrir neðan og Syðrihúsaflöt fyrir utan hana. Niður af íbúðarhúsinu eru Balar og út af þeim Vermundarvöllur. Fyrir neðan súrheystóftina er brekka sem nefnd er Huldufólksbrekka. Þar fyrir utan túngarðinn er mannsleiði og hvílir þar smalapiltur sem drekkti sér í ána, er hann eitt sinn var sendur á stað með fénu. Hvað mörg ár eru síðan þetta skeði veit ég ekki." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 015** *Fjóshóll* heimild fjós
"Örnefni í sjálfu túninu eru þau sem hér segir: Skemmuhóll og Fjóshóll. Niður af Fjóshólnum er Brunnhúsflötin. En fyrir neðan er Ranaflöt og neðst á henni sést fyrir gömlum túngarði. Kofaflöt er þar fyrir neðan og Syðrihúsaflöt fyrir utan hana. Niður af íbúðarhúsinu eru Balar og út af þeim Vermundarvöllur. Fyrir neðan súrheystóftina er brekka sem nefnd er Huldufólksbrekka. Þar fyrir utan túngarðinn er mannsleiði og hvílir þar smalapiltur sem drekkti sér í ána, er hann eitt sinn var sendur á stað með fénu. Hvað mörg ár eru síðan þetta skeði veit ég ekki." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 016** *Brunnhúsflöt* heimild brunnur
"Örnefni í sjálfu túninu eru þau sem hér segir: Skemmuhóll og Fjóshóll. Niður af Fjóshólnum er Brunnhúsflötin. En fyrir neðan er Ranaflöt og neðst á henni sést fyrir gömlum túngarði. Kofaflöt er þar fyrir neðan og Syðrihúsaflöt

fyrir utan hana. Niður af íbúðarhúsinu eru Balar og út af þeim Vermundarvöllur. Fyrir neðan súrheystóftina er brekka sem nefnd er Huldufólksbrekka. Þar fyrir utan túngarðinn er mannsleiði og hvílir þar smalapiltur sem drekkti sér í ána, er hann eitt sinn var sendur á stað með fénu. Hvað mörg ár eru síðan þetta skeði veit ég ekki." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 017** *Kofaflöt* heimild óþekkt
"Örnefni í sjálfu túninu eru þau sem hér segir: Skemmuhóll og Fjóshóll. Niður af Fjóshólnum er Brunnhúsflötin. En fyrir neðan er Ranaflöt og neðst á henni sést fyrir gömlum túngarði. Kofaflöt er þar fyrir neðan og Syðrihúsaflöt fyrir utan hana. Niður af íbúðarhúsinu eru Balar og út af þeim Vermundarvöllur. Fyrir neðan súrheystóftina er brekka sem nefnd er Huldufólksbrekka. Þar fyrir utan túngarðinn er mannsleiði og hvílir þar smalapiltur sem drekkti sér í ána, er hann eitt sinn var sendur á stað með fénu. Hvað mörg ár eru síðan þetta skeði veit ég ekki." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 018** heimild hlaða
"Örnefni í sjálfu túninu eru þau sem hér segir: Skemmuhóll og Fjóshóll. Niður af Fjóshólnum er Brunnhúsflötin. En fyrir neðan er Ranaflöt og neðst á henni sést fyrir gömlum túngarði. Kofaflöt er þar fyrir neðan og Syðrihúsaflöt fyrir utan hana. Niður af íbúðarhúsinu eru Balar og út af þeim Vermundarvöllur. Fyrir neðan súrheystóftina er brekka sem nefnd er Huldufólksbrekka. Þar fyrir utan túngarðinn er mannsleiði og hvílir þar smalapiltur sem drekkti sér í ána, er hann eitt sinn var sendur á stað með fénu. Hvað mörg ár eru síðan þetta skeði veit ég ekki." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 019** *Huldufólksbrekka* heimild huldufólksbústaður
"Örnefni í sjálfu túninu eru þau sem hér segir: Skemmuhóll og Fjóshóll. Niður af Fjóshólnum er Brunnhúsflötin. En fyrir neðan er Ranaflöt og neðst á henni sést fyrir gömlum túngarði. Kofaflöt er þar fyrir neðan og Syðrihúsaflöt fyrir utan hana. Niður af íbúðarhúsinu eru Balar og út af þeim Vermundarvöllur. Fyrir neðan súrheystóftina er brekka sem nefnd er Huldufólksbrekka. Þar fyrir utan túngarðinn er mannsleiði og hvílir þar smalapiltur sem drekkti sér í ána, er hann eitt sinn var sendur á stað með fénu. Hvað mörg ár eru síðan þetta skeði veit ég ekki." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 020** heimild legstaður
"Örnefni í sjálfu túninu eru þau sem hér segir: Skemmuhóll og Fjóshóll. Niður af Fjóshólnum er Brunnhúsflötin. En fyrir neðan er Ranaflöt og neðst á henni sést fyrir gömlum túngarði. Kofaflöt er þar fyrir neðan og Syðrihúsaflöt fyrir utan hana. Niður af íbúðarhúsinu eru Balar og út af þeim Vermundarvöllur. Fyrir neðan súrheystóftina er brekka sem nefnd er Huldufólksbrekka. Þar fyrir utan túngarðinn er mannsleiði og hvílir þar smalapiltur sem drekkti sér í ána, er hann eitt sinn var sendur á stað með fénu. Hvað mörg ár eru síðan þetta skeði veit ég ekki." [Örnefnaskrá Víðidalsár]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 021** heimild naust
"Í Skipalágavík má sjá merki um naust, en þau voru líka í Skothúsvík og víðar. Bátar voru stundum settir þar. Fiskhjallur var á Hjallarhöfða en ekki á Hjallholtum." [Örnefnaskrá Víðidalsár, athugasemdir og viðbætur]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 022** heimild naust
"Í Skipalágavík má sjá merki um naust, en þau voru líka í Skothúsvík og víðar. Bátar voru stundum settir þar. Fiskhjallur var á Hjallarhöfða en ekki á Hjallholtum." [Örnefnaskrá Víðidalsár, athugasemdir og viðbætur]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

**ST-53: 023** heimild hjallur
"Í Skipalágavík má sjá merki um naust, en þau voru líka í Skothúsvík og víðar. Bátar voru stundum settir þar. Fiskhjallur var á Hjallarhöfða en ekki á Hjallholtum." [Örnefnaskrá Víðidalsár, athugasemdir og viðbætur]

**Heimildir:** Örnefnaskrá Víðidalsár

## ST-81 Tungugröf

[1710]"Jarðadýrleiki viii. Eign Tröllatungukirkju." [Á.M.VII.bls.401]

**ST-81: 001** *Tungugröf* bæjarhóll býli
"Hóllinn, sem bærinn stendur á, heitir Bæjarhóll. Frá honum lá ávalur hóll niður með Mýrinni. Hóllinn hét Húsabali. Á honum voru fjárhús. Niður frá fjárhúsunum með sjónum lá smáhólhryggur, sem nefndur var Vindás. Hey tolldi illa á honum þegar hvasst var. Upp frá honum lá mýri meðfram svokölluðum Vaðli. Hann liggur upp í Bæjarlækinn. Sjór flýtur upp í hann um flóð svo að fært er með bát
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 002** *Húsbali* heimild fjárhús
"Hóllinn, sem bærinn stendur á, heitir Bæjarhóll. Frá honum lá ávalur hóll niður með Mýrinni. Hóllinn hét Húsabali. Á honum voru fjárhús. Niður frá fjárhúsunum með sjónum lá smáhólhryggur, sem nefndur var Vindás. Hey tolldi illa á honum þegar hvasst var. Upp frá honum lá mýri meðfram svokölluðum Vaðli. Hann liggur upp í Bæjarlækinn. Sjór flýtur upp í hann um flóð svo að fært er með bát"
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 003** heimild brunnur
"Fram í Bæjarflóa framan við Hrafnakór liggur kelda, sem heitir Illakelda. Engin skepna komst yfir hana. Úr henni liggur Bæjarlækur heim í tún. Þar sem hann kemur út keldunni, voru mylla og burnnhús rétt við túngarð."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 004** *Maríutóftir* heimild bústaður
"Ofan við mýrina var flöt, sem lá frá Vaðli með læknum heim að bæ. Hún nefndist Maríuflöt. Neðst í henni, þar sem flötin mætti mýrinni voru tóftir, sem kallaðar voru Maríutóftir. Þar hafði María nokkur átt að hafa verið."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 005** *Stekkur* heimild stekkur
"Grund heitir slétt grund ofan við og milli Hvaleyjar og Skipatanga. Hvaley liggur nokkuð langt fram í sjó, þ.e. út til sjávar í norðaustur. Hún er öll gróin að ofan. Upp af Þröskuldi er hún hæst. Þar heitir Hvaleyjarhaus. Hann er allur gróinn. Rétt við hausinn er smáhvammur, sem heitir Stekkjarhvammur. Í honum var Stekkur. Hann var notaður til innrekstrar á vorin."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 006** heimild legstaður
"Utan við Hvaley er Fúlivogur, sem nær upp í Grund. Þar safnaðist mikill þari, sem úldnaði, svo að skepnur fóru ekki í voginn. Utan við Fúlavog er Skipatangi mjór klettatangi, gróinn að ofan, nær upp að Grund, sem áður segir. Utanvert við tangann eru bátavör og naust á móts við vogsbotninn. Skothústangi heitir olnbogi eða horn á Skipatanga Bæjarvogsmegin. Áður fyrr var þar skothús og sáust rústir þess. Upp með Skipatanga er Bæjarvogur. Hann liggur að Hrófey innanverðri og upp að landi. Um fjöru fjarar út úr Bæjarvogi á móts við Skothústanga. Stundum var vogurinn nefndur Hrófeyjarvogur eða lendingarvogur."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 007** heimild naust
"Utan við Hvaley er Fúlivogur, sem nær upp í Grund. Þar safnaðist mikill þari, sem úldnaði, svo að skepnur fóru ekki í voginn. Utan við Fúlavog er Skipatangi mjór klettatangi, gróinn að ofan, nær upp að Grund, sem áður segir. Utanvert við tangann eru bátavör og naust á móts við vogsbotninn. Skothústangi heitir olnbogi eða horn á Skipatanga Bæjarvogsmegin. Áður fyrr var þar skothús og sáust rústir þess. Upp með Skipatanga er Bæjarvogur. Hann liggur að Hrófey innanverðri og upp að landi. Um fjöru fjarar út úr Bæjarvogi á móts við Skothústanga. Stundum var vogurinn nefndur Hrófeyjarvogur eða lendingarvogur."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 008** heimild óþekkt
"Sundið er gengt lendingu í Skipatanga, örmjótt, bátgengt um flæði en þurrt um fjöru. Næst því er langur hólmi, kallaður Heimstihólmi. Það er vafalaust sami hólmi og kallaður er Langihólmi í eldri örnefnaskrá. Hann er mjór, með klettum að norðanverðu en fjöru að sunnanverðu. Fyrir framan hann er hringlaga flatur hólmi, sem heitir Hlemmur. Austur og fram af honum er Fremstihólmi. Hátt klettabelti er kringum hann nema þar, sem hæst er Hlemm. Tóftir eru á miðjum hólnum. Jón Björnsson bóndi í Tungugröf sagði Guðmundi, að þar hefði verið geymt feitmeti smjör og tólg, frá Tröllatungu, til þess að mýs kæmust ekki í það. Tröllatunga átti Tungugröf áður fyrr."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 009** *Stekkjarholt* heimild stekkur
"Frá rifinu er flatt hringlaga holt út að merkjum Tungugrafar og Húsavíkur. Það heitir Stekkjarholt. Þar heita Lækjarklofar við sjóinn, sem læna eða kelda skiptir merkjum."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 010** *Nátthagi* heimild nátthagi
"Fyrir ofan Lækjarklofa eru hvammar, sem lækurinn sniglast eftir í bugðum. Þeir eru mestallir Tungugrafarmegin. Upp frá þeim og Hrólfsmýri gengur Stekkjarholt, sem áður var getið. Þar er hvammur að sunnanverðu. Nátthagi var í honum, notaður fyrir kvíaær á nóttunni. Upp frá Nátthaganum er varða, sem heitir Hádegisvarða, eyktarmark frá Tungugröf."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 011** *Stekkur* heimild stekkur
"Neðan við Stekkjarholt er klettabelti. Það liggur í suðvestur. Í neðri enda þess, við sjó, er klif, sem nefnist Dauðaklif. Ekkert er vitað um nafnið. Framar, þ.e. lengra inn til landsins, eru þrjú önnur skörð. Bæjarskarð er á móti bænum. Þar lá gamli vegurinn í gegn, en nú liggur hann neðar, neðan við Dauðaklif. Stekkjarskarð er næsta skarð. Heiman við það, undir klettunum, var Stekkur, heimrekstrarstekkur. Upp á klettunum, handan við skarðið, er Stekkjarholt."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 012** heimild mógrafir
"Framar er Litlaskarð. Þá eru klettarnir farnir að lækka fram í Stilluskarð. Það er stórt skarð. Þar lá heybandsvegur áður fyrr. Í skarðinu er kelda, sem stillur, flatir steinar, voru lagðar í með millibili, svo hægt væri að komast þar þurrum fótum. Heiman við það í Hrólfsmýri var stungin mór."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 013** heimild vað
"Framar er Litlaskarð. Þá eru klettarnir farnir að lækka fram í Stilluskarð. Það er stórt skarð. Þar lá heybandsvegur áður fyrr. Í skarðinu er kelda, sem stillur, flatir steinar, voru lagðar í með millibili, svo hægt væri að komast þar þurrum fótum. Heiman við það í Hrólfsmýri var stungin mór."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 014** *Móholt* heimild mógrafir
"Við Stilluskarð byrjar Miðás sem áframhald af klettabeltinu. Hann liggur fram undir Tunguá Öðru megin við hann liggur Hrólfsmýri, hinum megin Bæjarfló upp frá túni. Ásin er mishæðóttur. Á honum neðan við miðju eru melar, sem ganga fram með holti, Móholti. Við það var stungin mór í Bæjarflóa og hann breiddur á holtið. Fram af því er stórt skarð í klettana á ásnum, kallað Stóraskarð. Fram með flóanum gengt Stóraskarði er sandmelur. Í þeim flóa var líka stunginn mór, er tvíbýlt var í Tungugröf og mótekju skipt."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 015** heimild mógrafir
"Við Stilluskarð byrjar Miðás sem áframhald af klettabeltinu. Hann liggur fram undir Tunguá. Öðru megin við hann liggur Hrólfsmýri, hinum megin Bæjarfló upp frá túni. Ásin er mishæðóttur. Á honum neðan við miðju eru melar, sem ganga fram með holti, Móholti. Við það var stungin mór í Bæjarflóa og hann breiddur á holtið. Fram af því er stórt skarð í klettana á ásnum, kallað Stóraskarð. Fram með flóanum gengt Stóraskarði er sandmelur. Í þeim flóa var líka stunginn mór, er tvíbýlt var í Tungugröf og mótekju skipt."

**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 016** *Gunnusel* heimild bústaður
"Framan við Fremstupartana og ásinn, sem lækkar þar, eru börð, einu nafni Hvammbörð, fram af Hrólfsmýri Hrólfsmýrarbörð og Bæjarflóa Flóabörð. Fram af börðunum eru hvammar, sem ná niður að Tunguá. Fram af Hrólfsmýrarbörðum er Helgahvammur en Gunnuselshvammur fram af Flóabörðum. Haft er milli hvammanna. Í Gunnuselshvammi eru tóftir, kallaðar Gunnusel. Þar var sagt að kerling nokkur, kölluð Gunna, hafi fengið að vera."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 017** *Nónvarða* varða eyktamark
"Nónásklettar liggja utan í Nónás. Varða er á honum ofan við Hesthvamm, kölluð Nónvarða, eykktamark frá Tungugröf. Nónás liggur heim að skarði, sem nefnt er Torfskarð. Torf var rist þar og víðar í landinu. Skarðið er milli Nónáss og kastala, sem er hátt klettabelti og nær heim að túni."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 018** *Torfskarð* náma rista
"Nónásklettar liggja utan í Nónás. Varða er á honum ofan við Hesthvamm, kölluð Nónvarða, eykktamark frá Tungugröf. Nónás liggur heim að skarði, sem nefnt er Torfskarð. Torf var rist þar og víðar í landinu. Skarðið er milli Nónáss og kastala, sem er hátt klettabelti og nær heim að túni."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 019** varða eyktamark
"Náttmálaholt liggur síðan niður með ánni að Árnesskarði, sem áður er getið. Á holtinu er stór varða, Náttmálavarða, eyktamark frá Tungugröf. Við Náttmálaholtsendann við Árnesskarð er bugða á ánni og hylur, kallaður Grímsfljót, á að vera kenndur við Grím nokkurn sem hafi drukknað þar."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

**ST-81: 020** *Kvíabrekka* heimild kvíar
"Heiman við Torfskarð er brekka, sem liggur þvert yfir Kalstalann. Hún heitir Hrafnakórsbrekka. Heiman við hana er hátt klettabelti, sem heitir Hrafnakór. Mikið var oft af hröfnum þar. Heiman við Hrafnakór er brekka, sem heitir Kvíabrekka. Þar voru kvíar fram um 1920."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tungugrafar.

## ST-82 Tröllatunga

[1710] "Beneficium" [Á.M.VII.bls.399] "Steingrímur nam Steingrímsfjörð allan ok bjó í Tröllatungu. Hans sonur var Þórir, faðir Halldórs, föður Þorvalds aurgoða,..." [Ísl.sög.I.bls 118]

**ST-82: 001** *Tröllatunga* bæjarhóll býli
"Íbúðarhúsið stóð og stendur enn á Bæjarhól. Sunnan við það var kirkjugarður, sem nú hefur verið jafnað við jörðu. Kirkjan var rifin 1909."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 002** *Byrgislág* heimild byrgi
"Tunga heitir landið milli Tunguár eða Tröllatunguár og Arnkötludalsár. Neðst í Tungunni er smáhryggur. Hvammur austan við hann heitir Prestshvammur, en sléttlendið vestan við hrygginn niður að Arnkötludalsá er Prestsengi. Það takmarkast að sunnan af holti, sem nær að ánni. Það er annað tveggja Holta. Milli þeirra er Byrgislág. Þar var byrgi fyrir lömb. Lágin náði niður að mýri, sem hét Skeifumýri. Nú hefur hún verið ræktuð og byggt fjárhús á henni." [Örnefnaskrá Tröllatungu]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 003** *Fíflastekkur* heimild stekkur
"Næst hvammur að framan við Prestshvamm við Tunguá heitir Prukugróf. Frá Purkugróf að þjóðvegi heitir Fíflastekkur." [Örnefnaskrá Tröllatungu]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 004** *Torfskarð* náma mógrafir
"Ef haldið er áfram suður veginn, verður fyrir skarð í holtahrygginn, sem heitir Torfskarð. Í því var mikil mótekja. Ofan við Torfskarð er holt, sem nefnist Hjálparholt. Við gamla veginn yfir að Arnkötludal er stór steinn austast í háholtinu, sem heitir hjálparsteinn. Hjálparholt nær alla leið upp að Heiðarengi, sem er neðan við Heiðarskarð. Það er í Múlanum, en svo nefnast heiðarbrekkurnar. Þar hefst Tröllatunguheiði, sem var þjóðleið áður fyrr og vegur liggur nú yfir."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 005** heimild leið
"Ef haldið er áfram suður veginn, verður fyrir skarð í holtahrygginn, sem heitir Torfskarð. Í því var mikil mótekja. Ofan við Torfskarð er holt, sem nefnist Hjálparholt. Við gamla veginn yfir að Arnkötludal er stór steinn austast í háholtinu, sem heitir hjálparsteinn. Hjálparholt nær alla leið upp að Heiðarengi, sem er neðan við Heiðarskarð. Það er í Múlanum, en svo nefnast heiðarbrekkurnar. Þar hefst Tröllatunguheiði, sem var þjóðleið áður fyrr og vegur liggur nú yfir."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 006** *Brunnhúsmýri* heimild brunnur
"Vestan við túnið var áður fyrr mýri, sem hét Brunnhúsmýri, kennd við brunnhús, sem var við Brunnhúslæk neðan við hana. Mýrin er nú í túni."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 007** heimild óþekkt
"Eyrarnar vestan við ána nefnast Tunguselseyrar frá því á móts við Votahvamm hinum megin við ána fram undir Hlíðarsel, sem síðar verður getið. Óljósar tóftir voru á eyrunum, en gengu ekki undir sérstöku nafni. Norðan við Miðmundarflóa er Miðdegishóll. Á honum var Miðdegisvarða, sem var eyktamark frá Tröllatungu."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 008** *Miðdegishóll* varða eyktamark
"Eyrarnar vestan við ána nefnast Tunguselseyrar frá því á móts við Votahvamm hinum megin við ána fram undir Hlíðarsel, sem síðar verður getið. Óljósar tóftir voru á eyrunum, en gengu ekki undir sérstöku nafni. Norðan við Miðmundarflóa er Miðdegishóll. Á honum var Miðdegisvarða, sem var eyktamark frá Tröllatungu."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 009** heimild kirkja
"Íbúðarhúsið stóð og stendur enn á Bæjarhól. Sunnan við það var kirkjugarður, sem nú hefur verið jafnað við jörðu. Kirkjan var rifin 1909."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 010** heimild legstaður
"Íbúðarhúsið stóð og stendur enn á Bæjarhól. Sunnan við það var kirkjugarður, sem nú hefur verið jafnað við jörðu. Kirkjan var rifin 1909."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 011** *Skeiðisvarða* varða óþekkt
"Skammt ofan við Heiðarskarð heita Lægðir. Síðan taka við brekkur upp að Skeiðisvörðu, sem er á brekkubrún. Þá tekur við sléttlendi, sem heitir Skeiði, góður reiðvegur. Skeiði nær upp að Skipbrotshrauni. Það er hæðarhryggur, sem liggur suður undir lægðirnar norðan við Miðheiðarvatn. Sunnan við vatnið er klettaborg, Miðheiðarborg. Landamerkin liggja, sem áður segir, úr Miðheiðarborg um Þaravatnshæð. Hún er kennd við Þaravatn, sem tilheyrir Geiradal."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 012** *Skeiði* heimild leið
"Skammt ofan við Heiðarskarð heita Lægðir. Síðan taka við brekkur upp að Skeiðisvörðu, sem er á brekkubrún. Þá ekur við sléttlendi, sem heitir Skeiði, góður reiðvegur. Skeiði nær upp að Skipbrotshrauni. Það er hæðarhryggur, sem

liggur suður undir lægðirnar norðan við Miðheiðarvatn. Sunnan við vatnið er klettaborg, Miðheiðarborg. landamerkin liggja, sem áður segir, úr Miðheiðarborg um Þaravatnshæð. Hún er kennd við Þaravatn, sem tilheyrir Geiradal."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 013** *Lautinantavarða* varða óþekkt
"Heiðin austan við Tungudal heitir Heiðabæjarheiði og liggur frá Gróustöðum í Geiradal að Heiðarbæ. Hún var fjölfarin áður fyrr og farið eftir háhryggnum. Efst á henni er Lautinanatavarða, hlaðin af dönskum landmælingamönnum."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 014** heimild leið
"Heiðin austan við Tungudal heitir Heiðabæjarheiði og liggur frá Gróustöðum í Geiradal að Heiðarbæ. Hún var fjölfarin áður fyrr og farið eftir háhryggnum. Efst á henni er Lautinanatavarða, hlaðin af dönskum landmælingamönnum."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu.

**ST-82: 015** *Hlíðarsel* heimild bústaður
"Upp frá Hlíðarseli norðan við Katlana var Dagmálavarða, eyktamark frá Hlíðarseli. Hún stendur á Dagmálahjalla. Hlíðarsel var býli, sem fór í eyði 1895." "Önnur hjáleiga er þar í heimalandi, kölluð Hlíðarsel. Þar meina menn að verið muni hafa býli eitthvað fyrir þremur hundruðum ára, síðan aldrei fyrr en fyrir nær lx árum, þar eftir byggðist það oftast þangað til fáum árum fyrir bóluna." [Á.M.VII.bls.400]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Tröllatungu. Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII.bindi, Kaupmannahöfn 1940.

**ST-82: 016** *Dagmálavarða* varða eyktamark
"Illamýri (132) er heiman við Oddatjarnarmýri og framhald af henni. Hún er mjög blaut. Melalækurinn rennur ofan yfir hana og flæðir um hana. Fyrir neðan Illumýri er Lækjarengi (133) og heim af því Lækjarengishjalli (134). Lækjarengisklettur (135) er í endanum á Lækjarengi, þó neðanvert við það. Hann er sérstæður klettur utan í hlíðinni, áberandi en ekki hár. Stekkjarklettahvolf (136) er fram og niður af Lækjarengi. Þá er komið ofan á Stekkjarkletta. Lækjargata liggur þar upp. "
**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka

**BA-8: 018** *Mógrafir* heimild mógrafir
"Mótekja var mikil á Bakka. Upp af hesthúsinu (í jaðri Hesthúsmýrar) voru mógrafir, 9-10 stungur af mó og 4 ofan af. Það var steinmór og bezta mótak hér í sveit. Aðrar mógrafir ögn lakari voru beggja vegna við Heydalsvik. Einnig var tekinn mór í Stekkjarmýri og frammi á dal. Líka var tekið uppi á fjalli, fyrir ofan Smérhjallagötu. Ekki var látinn

mór á aðra bæi, nágrannar höfðu mótak. "
**Heimildir:** Örnefnaskrá Bakka

# BA-9 Valshamar

"Jarðadýrleiki 16 hundruð." [Á.M. VII]

**BA-9: 001** *Valshamar* bæjarhóll býli
"Samúel Eggertsson byrjar á að telja örnefni í túni: Bæjarflöt (1) niður frá bænum, Fjósflöt (2) út frá honum, Mjólkurhúsflöt (3) inn frá bænum og Sinuvöllur (4). Þessi örnefni þekkjast ekki nú. Leynir (5) er nokkuð fram og niður af bænum, nú sléttaður. Óvíst er um tildrög nafnsins. Túnbrekkur (6) eru niður frá túninu, út og inn. Veita (7) er mýri fyrir neðan túnið. Inn frá Mjólkurhúsflöt var Útræktarhúsflöt (8). Ekki er þetta nafn þekkt nú. Í girðingarhorni rétt fyrir neðan Hamarinn voru fjárhús, sem kennd voru við Ólaf Þórðarson, föður Ólafs E. Ólafssonar fyrrverandi kaupfélagsstjóra í Króksfjarðarnesi, og kölluð Ólafshús (9). Þetta var eitt 40 kinda fjárhús og þó talað um það í fleirtölu. Enn eru þarna tóftir. Áður voru fjárhúsin kölluð Útræktarhús (10) (Ey.H.)."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 002** *Fjósflöt* heimild fjós
"Samúel Eggertsson byrjar á að telja örnefni í túni: Bæjarflöt (1) niður frá bænum, Fjósflöt (2) út frá honum, Mjólkurhúsflöt (3) inn frá bænum og Sinuvöllur (4). Þessi örnefni þekkjast ekki nú. Leynir (5) er nokkuð fram og niður af bænum, nú sléttaður. Óvíst er um tildrög nafnsins. Túnbrekkur (6) eru niður frá túninu, út og inn. Veita (7) er mýri fyrir neðan túnið. Inn frá Mjólkurhúsflöt var Útræktarhúsflöt (8). Ekki er þetta nafn þekkt nú. Í girðingarhorni rétt fyrir neðan Hamarinn voru fjárhús, sem kennd voru við Ólaf Þórðarson, föður Ólafs E. Ólafssonar fyrrverandi kaupfélagsstjóra í Króksfjarðarnesi, og kölluð Ólafshús (9). Þetta var eitt 40 kinda fjárhús og þó talað um það í fleirtölu. Enn eru þarna tóftir. Áður voru fjárhúsin kölluð Útræktarhús (10) (Ey.H.)." [Örnefnaskrá Valshamars]
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 002** *Ólafshús* heimild fjárhús
"Samúel Eggertsson byrjar á að telja örnefni í túni: Bæjarflöt (1) niður frá bænum, Fjósflöt (2) út frá honum, Mjólkurhúsflöt (3) inn frá bænum og Sinuvöllur (4). Þessi örnefni þekkjast ekki nú. Leynir (5) er nokkuð fram og niður af bænum, nú sléttaður. Óvíst er um tildrög nafnsins. Túnbrekkur (6) eru niður frá túninu, út og inn. Veita (7) er mýri fyrir neðan túnið. Inn frá Mjólkurhúsflöt var Útræktarhúsflöt (8). Ekki er þetta nafn þekkt nú. Í girðingarhorni rétt fyrir neðan Hamarinn voru fjárhús, sem kennd voru við Ólaf Þórðarson, föður Ólafs E. Ólafssonar fyrrverandi kaupfélagsstjóra í Króksfjarðarnesi, og kölluð Ólafshús (9). Þetta var eitt 40 kinda fjárhús og þó talað um það í fleirtölu. Enn eru þarna tóftir. Áður voru fjárhúsin kölluð Útræktarhús (10) (Ey.H.)."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 003** *Mjólkurhúsflöt* heimild útihús
"Samúel Eggertsson byrjar á að telja örnefni í túni: Bæjarflöt (1) niður frá bænum, Fjósflöt (2) út frá honum, Mjólkurhúsflöt (3) inn frá bænum og Sinuvöllur (4). Þessi örnefni þekkjast ekki nú. Leynir (5) er nokkuð fram og niður af bænum, nú sléttaður. Óvíst er um tildrög nafnsins. Túnbrekkur (6) eru niður frá túninu, út og inn. Veita (7) er mýri fyrir neðan túnið. Inn frá Mjólkurhúsflöt var Útræktarhúsflöt (8). Ekki er þetta nafn þekkt nú. Í girðingarhorni rétt fyrir neðan Hamarinn voru fjárhús, sem kennd voru við Ólaf Þórðarson, föður Ólafs E. Ólafssonar fyrrverandi kaupfélagsstjóra í Króksfjarðarnesi, og kölluð Ólafshús (9). Þetta var eitt 40 kinda fjárhús og þó talað um það í fleirtölu. Enn eru þarna tóftir. Áður voru fjárhúsin kölluð Útræktarhús (10) (Ey.H.)."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 004** *Útræktarhúsflöt* heimild útihús
"Samúel Eggertsson byrjar á að telja örnefni í túni: Bæjarflöt (1) niður frá bænum, Fjósflöt (2) út frá honum, Mjólkurhúsflöt (3) inn frá bænum og Sinuvöllur (4). Þessi örnefni þekkjast ekki nú. Leynir (5) er nokkuð fram og niður af bænum, nú sléttaður. Óvíst er um tildrög nafnsins. Túnbrekkur (6) eru niður frá túninu, út og inn. Veita (7) er mýri fyrir neðan túnið. Inn frá Mjólkurhúsflöt var Útræktarhúsflöt (8). Ekki er þetta nafn þekkt nú. Í girðingarhorni rétt fyrir neðan Hamarinn voru fjárhús, sem kennd voru við Ólaf Þórðarson, föður Ólafs E.

Ólafssonar fyrrverandi kaupfélagsstjóra í Króksfjarðarnesi, og kölluð Ólafshús (9). Þetta var eitt 40 kinda fjárhús og þó talað um það í fleirtölu. Enn eru þarna tóftir. Áður voru fjárhúsin kölluð Útræktarhús (10) (Ey.H.)."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 006** *Grafir* náma mógrafir
"Niður frá túninu eru Grafir (11), sem munu vera gamlar mógrafir. Það sést fyrir þeim enn. Um Grafirnar og fram úr flóanum rennur Grafalækur (12). Ofan til við Grafirnar sést móta fyrir tóft, sem nefnd er Nátthagi (13). E.t.v. er það sama og Bæli (14), sem S.E. nefnir inn frá Gröfunum, en það nafn er ekki þekkt nú. Inn af Nátthaganum eru börð, sem kölluð eru Bingir (15). Upp af þeim er Stóraskarð (16). Um það var farið með heyband og rekið fé. Niður af Bingjum, við veginn fram dalinn, eru Melar (17). Þar er tún."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 007** *Nátthagi* heimild nátthagi
"Niður frá túninu eru Grafir (11), sem munu vera gamlar mógrafir. Það sést fyrir þeim enn. Um Grafirnar og fram úr flóanum rennur Grafalækur (12). Ofan til við Grafirnar sést móta fyrir tóft, sem nefnd er Nátthagi (13). E.t.v. er það sama og Bæli (14), sem S.E. nefnir inn frá Gröfunum, en það nafn er ekki þekkt nú. Inn af Nátthaganum eru börð, sem kölluð eru Bingir (15). Upp af þeim er Stóraskarð (16). Um það var farið með heyband og rekið fé. Niður af Bingjum, við veginn fram dalinn, eru Melar (17). Þar er tún."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 008** heimild mógrafir
Fyrir framan (málvenja, merkir fjær sjó) Heiðargil taka við Heiðarbrekkur (35). Um þær liggur vegurinn upp á Tröllatunguheiði. Móhjalli (36) er lítill blettur fyrir heiman Heiðarbrekkur, ofan við Hrossahjalla. Þar var geysigott mótak, a.m.k. 18 stungur, e.t.v. meira, og mun tæplega hafa verið annars staðar betra mótak hér um slóðir. Móhjallabunga (37) er upp af Móhjalla. Álftavatn (38) er rétt framan við Móhjallabungu. Þar verpa álftir flest ár í smáhólma örskammt frá bakkanum. Hægt er að vaða út að hólmanum. Klaki er á vatninu fram eftir öllu (júní-júlí). Við vatnið eru Álftamóar (39). "
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 009** *Sel* heimild sel
"Frá Heiðargili liggur Selflói (40) inn eftir dalnum, niður af Heiðarbrekkunum og nær lengra inn eftir en þær. Selflói nær alveg niður að á. Selgil (41) kemur niður framan við Heiðarbrekkurnar og liggur niður eftir Selflóanum. Dálítið vatn er í því í leysingum. Heiman við Selgilið, neðarlega, er Sel (42). Þar sjást enn tóftir, og virðast hafa verið þar allmörg hús. Engar sagnir eru þekktar um Selið, né hvenær hætt var að nota það. Selhlíð (43) liggur fram frá Selgili. Heimst í henni er Háabarð (44). Það er mjó brekka, grasi gróin, og nær alla leið upp á brún. Heiðarbrekkurnar ná að Háabarði, og framan við það tekur Selhlíðin við. Seljafell (45) heitir, þar sem vegurinn kemur upp á Tröllatunguheiði (46). Heiðin byrjar við Seljafell."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 010** *Geirshaugur* heimild legstaður
"Haugstungur (63) byrja við Haugstungufoss. Þær eru beggja megin við Bakkaá og ná norður undir Geirshaug. Haugstungur eru aðgreindar í Heimri- (64) og Fremri-Haugstungur (65). Geirshaugur (66) er langt fyrir austan veginn á Tröllatunguheiði; það er líklega um þriggja stundarfjórðunga gangur að haugnum frá vegi. Geirshaugur er sagður vera haugur landnámsmannsins í Geiradal. Þetta eru tveir heljarstórir grjóthólar; vopn og peningar átti að vera í öðrum haugnum og karlinn sjálfur í hinum."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 011** *Bænhúspartur* heimild bænhús
"Heim af Strýtunni og heim að Hamrinum er graslendi, nefnt Síða (98). Síða er upp af Parti (99), sem er grasstykki, sem liggur niður undir Gautsdalsá. Hann spratt alltaf vel. Í Partinum eru tveir melar, kallaðir Stórimelur (100) og Litlimelur (101). Litlimelur er aðeins framar en hinn. Stykki heiman til í Partinum, niður undan Felli eða Litlaskarði, er kallað Bænhúspartur (102). Ekki er vitað um bænhús á Valshamri, en hins vegar hefur heyrzt um bænhús í Gautsdal (sbr.örnefnaskrá Gautsdals). Hæpin er þó fullyrðing Samúels, að Bænhúspartur hafi "að líkindum legið undir Gautsdal". Emil hefur aldrei heyrt, að Gautsdalur hafi átt ítök í Valshamarslandi. Í ánni, neðan við

Bænhúspart, er Bænhúsfoss (103)."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 012** heimild mógrafir
"Upp og inn af túninu er klettagnípa (195 m), sem bærinn dregur nafn af og oftast er nefnd Hamarinn (104), en stundum Valshamar (105) og hét á landnámstíð Fálkhamar (106) (Ey.H.). Sérstakt landslag er við Hamarinn. Þar er stórgrýtisurð, sem kölluð er Urðin (107) og nær niður að túni. Túnið er alveg við Hamarsrótina og spratt alltaf vel. Hamarsblettur (108) er totumyndaður og hrísi vaxinn blettur ofan við Urðina, en rétt fyrir neðan klettana. Smávegis er um ber þar uppi. Mór var tekinn fram og niður af Hamrinum í nokkur ár."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 013** tóft óþekkt
"Vestan við Fellið er Gautsdalsskarð (114). Um það liggur leiðin milli Gautsdals og Valshamars. Það má fara á sæmilegum bíl. Fellsbrekkan er upp af skarðinu og nærri upp í rönd á Fellinu. Stakur smáklettur er niður af Gautsdalsskarði, þó heldur meira til vesturs. Það er trúlega Einbúi (115) (S.E.). Klettadrangar, dálítið misháir, eru niður af Einbúa eða heldur meira til suðvesturs. Það eru Eldhamrar (116). Eldhamrabrekkur (117) eru milli suðurs og vesturs frá Eldhömrum. Holtahryggur liggur frá Fellinu, fer smálækkandi og endar í Eldhömrunum. Ekki er þekkt skýring á nafninu. Emil minnir, að tóft sé undir Eldhömrunum. Sögn er, að svo mikill skógur hafi verið í tungunni milli ánna, að sakamaður hafi falið sig þar. "
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 014** heimild óþekkt
Sauðabólshöfði (118) er meira til suðurs en Eldhamrar. Sauðabólshöfðabrekkur (119) eru utan í höfðanum. Þar sést enn tóft, en óvíst er, hvað þar hefur verið. Mýrarskarð (120) er á milli Paradísar og Sauðabólshöfða og liggur yfir að Gautsdalsá. Í Mýrarskarði taldi Eyjólfur Hallfreðsson, að verið hefði kolagerð. Þar hefur fyrir mörgum öldum verið grafið eitthvað og mokað upp, en ekki getur verið þar um mó að ræða. Örnefnið Eldhamrar þar fast við rennir e.t.v. Stoðum undir þessa tilgátu."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 015** náma rista
"Fyrir framan Hellnafljót er votlendi, sem heitir Votihvammur (129). Þar var rist torf í gamla daga. Fyrir ofan Votahvamm er Votahvammsmelur (130), og þar fyrir ofan er Langabrekka (131). Í holtum upp af Löngubrekku er Paradís (132). Það er graslæna og ágæt berjalaut, en var ekki slegin. "
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 016** *Nónvarða* varða eyktamark
"Í skrá Samúels er nefnt Leiti (133) og á því Nónvarða (134). Þau nöfn eru ekki þekkt, en fólk veit um vörðubrot í nónstefnu frá bænum. "
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 017** garðlag óþekkt
"Ekkert örnefni er á Valshamri, sem kennt er við kvíar eða ból. Í búskapartíð Karls og Ingibjargar var ekki fært frá. Þau bjuggu á Valshamri frá 1929 til 1969 (40 ár). Hvenær hætt var að færa frá á Valshamri, vissu þau ekki nákvæmlega, sennilega seint á öðrum eða nokkuð snemma á þriðja tug aldarinnar. Við smalamennskur var rekið inn í garð, sem Karl byggði upp fast framan við túngarðinn. Þar hafði líka verið garður áður. Við rætur Valshamarsins er urð mikil. Rétt framan við hana, eða þar sem Stóraskarðsbrekkan byrjar, eru tóttir af gömlum stekk, sem byggður hefur verið úr grjóti með áföstum dilk, sem notaður hefur verið til að stía lömbunum frá mæðrum sínum yfir nóttina. "
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

**BA-9: 018** heimild stekkur
"Ekkert örnefni er á Valshamri, sem kennt er við kvíar eða ból. Í búskapartíð Karls og Ingibjargar var ekki fært frá. Þau bjuggu á Valshamri frá 1929 til 1969 (40 ár). Hvenær hætt var að færa frá á Valshamri, vissu þau ekki nákvæmlega, sennilega seint á öðrum eða nokkuð snemma á þriðja tug aldarinnar. Við smalamennskur var rekið inn

í garð, sem Karl byggði upp fast framan við túngarðinn. Þar hafði líka verið garður áður. Við rætur Valshamarsins er urð mikil. Rétt framan við hana, eða þar sem Stóraskarðsbrekkan byrjar, eru tóttir af gömlum stekk, sem byggður hefur verið úr grjóti með áföstum dilk, sem notaður hefur verið til að stía lömbunum frá mæðrum sínum yfir nóttina."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Valshamars

# BA-10 Gautsdalur

"Jarðdýrleiki 30 hundruð. Sagt er að hjer hafi að fornu bænhús verið, sem af sje fallið fyrir manna minni, og heitir hjer enn í túninu eitt tóftarbrot bænhústóft." [Á.M.VII]

**BA-10: 001** bæjarhóll býli
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 002** *Bænhúshóll* heimild bænhús
"Við hliðina á Síldreka er Húsahóll, og er Bæjarlækur á milli. Bænhúshóll er laust norður af bænum, sem var. Þar sást vel fyrir tveimur grónum veggjum frá vestri til austurs. Vestur af tóftinni, 3-5 m frá, var eitt sinn grafið og komið niður á mannabein. Bendir það á grafreit."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 003** *Jónshús* heimild óþekkt
"Í túni er Jónsvöllur yzt og efst. Þegar Ólafur kom að Gautsdal, voru rústir af kofum á Jónsvelli, kallaðar Jónshús. Ekki er vitað við hvaða Jón þetta er kennt. Fyrir neðan Jónsvöll er Vallarlág. Suðvestur af bæ er Fjósflöt. Rétt upp og út af bæ, sem var, er Síldreki, hólhryggur með grjóti framan í."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 004** *Fjósflöt* heimild óþekkt
"Í túni er Jónsvöllur yzt og efst. Þegar Ólafur kom að Gautsdal, voru rústir af kofum á Jónsvelli, kallaðar Jónshús. Ekki er vitað við hvaða Jón þetta er kennt. Fyrir neðan Jónsvöll er Vallarlág. Suðvestur af bæ er Fjósflöt. Rétt upp og út af bæ, sem var, er Síldreki, hólhryggur með grjóti framan í."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 005** *Kvíahjalli* heimild kvíar
"Upp af Húsahól er slakki og þar fyrir ofan er Kvíahjalli. Þar vottaði fyrir hleðslum, líklega gömlum kvíum. Þegar Ólafur kom að Gautsdal 1915, voru kvíar norður af túni, sem þá var, 100-150 m frá bæ. Fráfærum hafði þá verið hætt fyrir nokkrum árum. Bak við Kvíahjalla er Kvíamýri."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 006** *Móhjalli* náma mógrafir
"Töluverður bratti er upp á Móhjalla, sem er upp af Kvíamýri. Á Móhjalla sjást merki þess, að mór hefur verið skorinn, en hann hefur verið mjög grunnur og náð yfir lítið svæði. Á árunum 1915-20 var mór tekinn í Krikanum, en var þá þrotinn. Víða hafði verið leitað og sjást þess merki t.d. Á Folaldamýri og á Seljabreiðum. En þegar öll mótekja virtist þrotin, fannst mór í raklendi rétt norður af túninu í átt að Stekknum. Þykktin 4-5 skóflustungur, en ruðningur ofan af honum u.þ.b. Þrjár stungur Þarna var mór tekinn til ársins 1931, en þá var því hætt. Rafstöð var byggð það ár, og hún leysti móinn af hólmi."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 007** náma mógrafir
"Töluverður bratti er upp á Móhjalla, sem er upp af Kvíamýri. Á Móhjalla sjást merki þess, að mór hefur verið skorinn, en hann hefur verið mjög grunnur og náð yfir lítið svæði. Á árunum 1915-20 var mór tekinn í Krikanum, en var þá þrotinn. Víða hafði verið leitað og sjást þess merki t.d. Á Folaldamýri og á Seljabreiðum. En þegar öll mótekja virtist þrotin, fannst mór í raklendi rétt norður af túninu í átt að Stekknum. Þykktin 4-5 skóflustungur, en ruðningur ofan af honum u.þ.b. Þrjár stungur Þarna var mór tekinn til ársins 1931, en þá var því hætt. Rafstöð var

byggð það ár, og hún leysti móinn af hólmi."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 008** heimild stekkur
"Frá hnúkunum er stuttur spölur að Hrafnagili sem kemur úr Hrafnagilsbotnum og fellur niður norðan Rjúpnahjalla, sem er í landi Tinda, og fyrir norðurenda Móhjalla niður allbratta hlíð. Síðan um Stekkjarland og heitir þá Stekkjargil. Á gilbakkanum er Stekkur. Veggjabrot sjást þar enn. Þá er komið alveg að ánni. Engin skörð mörk eru á Stekkjarlandi. Það var kargaþýft en spratt vel og var slegið áður. Nú er meiri parturinn af því tún."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 009** heimild sel
"Niður af Skál eru Seljabrekkur og Seljabreiður neðar en brekkurnar. Þar er Sel, og sjást tóftir, en engar sagnir eru um Selið."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

**BA-10: 010** *Réttareyrar* heimild rétt
"Réttareyrar eru þar niður af við ána. Þar var lengi fjallskilarétt hreppsins, hlaðin úr grjóti. Nú er hætt að nota hana. Örstutt er af Réttareyrum fram að fossinum."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Gautsdals

# BA-11 Ingunnarstaðir

"Jarðadýrleiki 24 hundruð." [Á.M.VII] "Þat sama vár seldi Ingunn land sitt í Króksfirði, þat sem síðan heitir á Ingunnarstöðum, ok fór vestr á Skálmarnes. Hana hafði átt Glúmur Geirason, sem fyrr var ritat." [Ísl.sög. IV., Laxdæla saga.]

**BA-11: 001** *Ingunnarstaðir* bæjarhóll býli
"Hólar eru niðri á túninu, vestar. Nú er búið að slétta þá, en klettahóll er eftir. Bæjarhóll er rétt suðaustan við íbúðarhúsið. Skammt niður frá honum eru klettar í túninu, sem heita Strákar, og er Strákaflöt milli þeirra og bæjarhólsins. Fremst í túninu voru Hesthúsmóar, sem nefndir voru Hesthúsflöt eftir að sléttað var. Það nafn er nú fallið niður."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 002** *Hesthúsflöt* heimild hesthús
"Hólar eru niðri á túninu, vestar. Nú er búið að slétta þá, en klettahóll er eftir. Bæjarhóll er rétt suðaustan við íbúðarhúsið. Skammt niður frá honum eru klettar í túninu, sem heita Strákar, og er Strákaflöt milli þeirra og Bæjarhólsins. Fremst í túninu voru Hesthúsmóar, sem nefndir voru Hesthúsflöt eftir að sléttað var. Það nafn er nú fallið niður."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 003** *Hamar* þjóðsaga huldufólksbústaður
"Byrjað er við bæinn. Fyrir ofan bæ er Hamarklettur, sem í daglegu tali er ætíð kallaður Hamar. Talað er um að fara upp á Hamar, og er það bæði haft um klettinn og túnið, sem er fyrir ofan hann, og nefnt Hamarstún. (Til mun vera á prenti smásaga um huldukrakka í Hamrinum, sem léku sér við krakka á Tindum)."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 004** heimild fjárhús
"Hamarsbrekka er fyrir ofan bæ og fjárhús, upp við Hamarinn."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 005** heimild kvíar
"Fyrir utan Hamar voru gamlar kvíar, sem tilheyrðu Hamri og Hamarsbrekku. Sjaldan var talað um þann stað sem Ból, en kom þó fyrir. Fráfærur voru lagðar niður á Ingunnarstöðum löngu áður en Sigurbjörn kom þangað. Hann

man eftir fráfærum á Gilsfjarðarmúla. Þar munu þær hafa haldist lengst, en lögðust annars snemma niður í Geiradal."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 006** þjóðsaga huldufólksbústaður
"Yst í túni er Miðaftansklettur. Um hann er sögn, höfð eftir Halldóri Jónssyni í athugasemdum við skrá Samúels: Þar sá gamall karl einhvern tíma ljós. En þegar betur var að gáð kom á daginn, að ljósið kom frá vegglampa, sem hékk skammt frá gamla manninum og spegladist ljós hans í glugga, sem vissi að Miðaftansklettinum."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 007** heimild naust
"Básanef er hryggur, sem beygt er fyrir, þegar farið er upp í Ósinn. Í Básanefi eru klettar og geilar á milli. Í Básanefi eru greinileg merki um naust. Skammt fyrir norðan Básanef mynda bakkar og brekkur vinkil í landslagið og er þar kallað Horn."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 008** *Grafarmýri* náma mógrafir
"Ofan við Langamel er Grafarmýri, frá Efri-Ósgeil og vestur í Tindaland. Mór var ekki tekinn þar, eldur fyrir ofan veg, en það er sama mýrin. Mór var tekinn til 1961, þá kom rafmagn. Mórinn var u.þ.b. fimm stungur á dýpt og þótti nokkuð góður. Teknar voru 200 kerrur á ári, og varð aldrei eldiviðarlaust."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 009** *Stráksleiði* heimild legstaður
"Á Bakkaröndum niðri við sjó er þúfa, kölluð Stráksleiði. Talað var um, að einhver væri dysjaður þar, en allt var það mjög óljóst."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 010** *Stekkjarhvammur* heimild stekkur
"Fram af Smáralæk er Háabarð og fram af því Stekkjarhvammur. Getur ekki heitið, að sjáist þar tóft. Framan við Stekkjarhvamm koma saman Bakkadalsá og Gautdalsá, og heitir áin eftir það Geiradalsá."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

**BA-11: 011** *Stekkur* heimild stekkur
"Framflói er áframhald af Flóa austanvert við túnið. Ofanvert við hann er móabarð og smáklettar. Þar heitir Stekkur og sjást þar tóftir."
**Heimildir:** Örnefnaskrá Ingunnarstaða

# 3. Fornminjar og minjastaðir á tilvonandi framkvæmdarsvæði

Vettvangskönnun fór fram með hléum á tímabilinu frá ágúst og fram í október 2004. Við vettvangsvinnuna var þeirri aðferð beitt að vegstæðin og allt nánasta umhverfi var athugað af nákvæmni. Miðað var frá miðlínu vegar og kannaðir voru 300 metrar í allar áttir frá miðlínunni. Í sumum tilfellum voru minjar sem voru í meiri en 300 m fjarlægð frá vegstæðinu teknar með. Allar fornminjar sem fundust við vettvangskönnunina voru teiknaðar upp, mældar og staðsettar með GPS staðsetningartæki. Að meðaltali er 4 m skekkja á staðsetningarpunktunum en sú skekkja var leiðrétt við gerð fornleifakorta.

Könnunarsvæðið nær yfir jarðir í tveimur hreppum, Hólmavíkurhrepp í Strandasýslu og Reykhólahrepp í Austur-Barðastrandarsýslu. Áður fyrr voru á svæðinu hrepparnir Kirkjubóls- og Hrófbergshreppur í Strandasýslu og Geiradalshreppur í Austur-Barðastrandarsýslu. Á könnunarsvæðinu voru áður 13 býli í byggð, Tindar, Ingunnarstaðir, Svarfhóll, Littla-Brekka, Bakki, Gautsdalur, Valshamar, Vonarholt, Arnkötludalur, Tröllatunga, Tungugröf, Hrófá og Víðidalsá.

Við heimildaöflun fundust heimildir fyrir 174 minjastöðum á öllu svæðinu frá Hrófá að Ingunnarstöðum í Króksfirði. Byggt á fyrri reynslu við fornleifakönnun var búist við 30% aukningu á minjastöðum þar sem að ekki koma allir minjastaðir fram í heimildum. Í allt var búist við 226 minjastöðum á öllu svæðinu en við vettvangskönnun fundust 86 staðir eða 38% af áætluðum heildarfjölda.

**Leið 1**

Leið 1 gengur út frá Djúpvegi vestan við Hrófá. Vegurinn liggur síðan suður Arnkötludal að vestanverðu alveg upp að Þröskuldi þar sem vegurinn er hæstur yfir sjávarmáli í 367 m. Hann þverar síðan Gautsdalsána rétt neðan við upphafsdrög hennar og liggur síðan austan hennar alveg niður að Bakkaá. Þar þverar hann Bakkaána og tengist síðan Vestfjarðarvegi á sama stað og Tröllatunguvegur tengist honum.

Á svæðinu frá Hrófá og að Þröskuldi fundust 30 minjastaðir, fjórir þeirra voru á varúðarsvæði 1, 18 á varúðarsvæði 2 og átta á varúðarsvæði 3 (tafla 1, kort 1, 3-5). Minjarnar á varúðarsvæði 1 eru allar litlar grjóthlaðnar vörður og engin þeirra hærri en 50 sentímetrar.

Minjar á varúðarsvæði 2 eru af ýmsum toga og eru ekki í hættu en eru það nálægt að gæta verður fyllstu varúðar í kringum þær. Minjar nr. 112, 113 og 114 eru á bæjarstæði Hrófár og ekki í hættu. Óvíst er hvort staðir nr. 127 og 128 eru minjastaðir þar sem að vettvangsathugun gat ekki skorið úr um það en nauðsynlegt er að fara með gát á því svæði. Staðir 152 – 158 eru á bæjarstæði Arnkötludals og eru af ýmsum toga, bæjarhóll, fjárhús, hlaða osfrv. Allir þessir staðir eru austanmegin við Arnkötludalsá og ekki í hættu á leið 1. Vestanmegin við ána eru grjóthlaðin garðlög sem eru nálægt vegstæðinu.

Minjarnar sem eru á varúðarsvæði 3 tilheyra allar fornu býli í landi Hrófár og benda minjarnar til þess að það hafi legið í eyði í langan tíma. Líklegt er að þetta sé rústir Hrófársels sem skráð er í fornleifaskrána nr. ST-52:007 (kort 7).

Tafla 1. Minjastaðir í Arnkötludal á leið 1.

| **Varúðarsvæði 1** | **Varúðarsvæði 2** | **Varúðarsvæði 3** |
|---|---|---|
| 192 | 112 | 117 |
| 194 | 113 | 118 |
| 195 | 114 | 129 |
| 197 | 127 | 120 |
| | 128 | 122 |
| | 152 | 123 |
| | 153 | 124 |
| | 154 | 125 |
| | 155 | |
| | 156 | |
| | 157 | |
| | 158 | |
| | 191 | |
| | 193 | |
| | 196 | |
| | 162 | |
| | 163 | |
| | 164 | |

Frá Þröskuldi að Vestfjarðavegi í Króksfirði fundust 25 minjastaðir, sex þeirra voru á varúðarsvæði 2, 19 á varúðarsvæði 3 og enginn á varúðarsvæði 1 (tafla 2). Minjastaður 166 er grjóthlaðin rétt, 170 er mögulegur minjastaður innan bæjarstæðis Gautsdals, 183, 184 og 190 eru einnig mögulegir minjastaðir en vettvangsathugun gat ekki gengið úr skugga um hvort að hér sé um fornleifar að ræða. Minjastaður 190 er grjóthlaðinn stekkur og er líklegt að hér sé um fornleif nr. BA-11:11 í fornleifaskránni.

Tafla 2. Minjastaðir í Gauts-, Bakka- og Geiradal á leið 1.

| Varúðarsvæði 1 | Varúðarsvæði 2 | Varúðarsvæði 3 |
|---|---|---|
| | 166 | 168 |
| | 170 | 169 |
| | 183 | 171 |
| | 184 | 172 |
| | 190 | 173 |
| | 198 | 174 |
| | | 175 |
| | | 176 |
| | | 177 |
| | | 178 |
| | | 179 |
| | | 180 |
| | | 181 |
| | | 182 |
| | | 185 |
| | | 186 |
| | | 187 |
| | | 188 |
| | | 189 |

### Aðrar leiðir

Nokkrar aðrar leiðir hafa verið settar fram en þær eru hugsaðar sem afbrigði á leið 1. Frá Djúpvegi við Hrófá og inn Arnkötludal að Þröskuldi er lögð til afbrigði af leið 1 og nefnist hún leið 6-N. Þessi leið liggur austan megin við Arnkötludalsá og fer hún yfir bæjarstæði Arnkötludals og eru minjastaðir þar í hættu ef sú leið verður fyrir valinu (tafla 3).

Á leið 6-N eru fimm minjar á varúðarsvæði 1, minjastaðir 127 og 128 eru mögulegir minjastaðir þar sem að vettvangsathugun gat ekki staðfest eðli þeirra, 154, 156 og 158 eru útihús við Arnkötludal.

Á varúðarsvæði 2 eru sjö minjastaðir, 152, 155, 157 eru útihús við Arnkötludal, 162 og 163 útihús við Vonarholt, 162 Bæjarstæði Vonarholts, og 192 er varða.

Á Varúðarsvæði 3 eru 5 minjastaðir, 191, 193, 194, 195, 197 eru grjóthlaðnar vörður.

Tafla 3. Varúðarsvæði minjastaða á leið 6-N.

| Varúðarsvæði 1 | Varúðarsvæði 2 | Varúðarsvæði 3 |
|---|---|---|
| 127 | 152 | 191 |
| 128 | 155 | 193 |
| 154 | 157 | 194 |
| 156 | 162 | 195 |
| 158 | 163 | 196 |
| | 164 | |
| | 192 | |

Í Gautsdal eru lagðir til fjórir möguleikar á tengingu við Vestfjarðaveg. Leið 3-S og 4-S liggja á milli Ingunnarstaða og Tinda, leið 2-S milli Ingunnarstaða og Geiradalsár og leið 1 liggur austan við Geiradalsá. Leiðir 3-S og 2-S liggja allnokkuð nálægt Tindum og Ingunnarstöðum og gætu framkvæmdir á þeim stöðum raskað áður óþekktum minjum. Leið 4-S er afbrigði af leið 3-S og færir hún veglínuna nær bæjarstæði Gautsdals og gæti hún sömuleiðis raskað áður óþekktum minjum á svæðinu.

**Námur**

Á svæðinu eru áætlaðar átta námusvæði til malarnáms; A,B,C og D í Arnkötludal (kort 9) og E, F í Gauts- og Geiradal (kort 10). Í allt eru tvö námusvæði E og tvö námusvæði F (kort). Í jaðri námusvæðis B eru tvö grjóthlaðin garðlög, annað eru leifar túngarðs en óvíst er hvers eðlis hitt garðlagið er. Engir aðrir minjastaðir lenda innan námusvæðanna en þrjú námusvæði (B, C, F) eru nálægt bæjarstæðum og gæti þeim stafað hætta af framkvæmdum. Námusvæði B er við bæjarstæði Arnkötludals, námusvæði C við Vonarholt og námusvæði F við Valshamar.

# 4. Umfjöllun um minjastaði og tillögur um verndun

Við fornleifakönnun vegna tilvonandi vegaframkvæmda á svæðinu frá Hrófá og í Króksfjörð fundust 86 minjastaðir sem voru í eða í grennd við veglínur. Einnig voru nokkur svæði sem heimildir bentu til að fornminjar gætu leynst á en engar minjar sáust við vettvangsathugun. Þó er ekki loku fyrir það skotið að minjar geti leynst á þeim svæðum.

Byggð hefur verið á svæðinu frá upphafi landnáms og því er líklegt að minjarnar séu frá ýmsum tímum. Erfitt er að tímasetja einstaka minjar án fornleifarannsóknar en mörg bæjarstæðanna koma fyrir í elstu heimildum (Ísl.Sög.I.).

Fornminjum stafar minnst hætta af leið 1 þar sem að flestir minjastaðir eru fyrir utan veghelgunarsvæðið. Fjórar minjar lenda innan 60 metra frá vegstæðinu og eru það fjórar grjóthlaðnar vörður. Leið 1 liggur vestan við bæjarstæði Vonarholts og liggur leiðin í gegnum túnstæði jarðarinnar. Á þeirri leið er túngarður sem er í veglínu og mun verða raskað við framkvæmdir. Vestan við Arnkötludalsá við bæjarstæði Arnkötludals eru tvö garðlög, túngarður og óþekktur garður sem er innan veghelgunarsvæðis. Aðrar minjar á leið 1 eru það langt frá

veglínu að auðveldlega ætti að vera hægt að komast hjá raski. Minjum stafar talsverð hætta af leið 6-N í Arnkötludal þar sem að leiðin liggur nokkurn veginn yfir bæjarstæði Arnkötludals (tafla 4).

Tafla 4. Fjöldi minjastaða við leið 1 og leið 6-N og flokkun þeirra á varúðarsvæði.

| Leiðir | Varúðarsvæði 1 | Varúðarsvæði 2 | Varúðarsvæði 3 |
|---|---|---|---|
| Leið 1 Arnkötludalur | 4 | 18 | 8 |
| Leið 1 Gautsdalur | | 6 | 19 |
| Leið 6-N | 5 | 7 | 5 |

Mikil túnaslétta hefur átt sér stað í Gauts- og Geiradal á síðustu áratugum og er líklegt að sléttað hafi verið yfir allnokkrar rústir. Í Gautsdal eru engar sjáanlegar minjar sem lenda innan veghelgunarsvæðis. Leið 1 liggur á þannig svæði að ólíklegt er að fornminjar leynist þar en þó er ekki hægt að útiloka það alveg. Leiðir 2-S, 3-S og 4-S eru nálægt bæjarstæðum þannig að það eru meiri líkur að áður óþekktar fornminjar komi í ljós við framkvæmdir.

Í jaðri námusvæðis B eru tvær minjar sem eru í hættu vegna námuvinnslu. Engir aðrir minjastaðir lenda innan námusvæðanna en námusvæði B, C og F eru nálægt bæjarstæðum og gætu raskað áður óþekktum fornminjum.

Nauðsynlegt er að veglínan verði lögð þannig að minjum stafi engin hætta af framkvæmdunum. Í þeim tilfellum þar sem framkvæmdaraðilar telja að ekki sé unnt að komast hjá því að raska minjum verður að fá álit Fornleifaverndar ríkisins um hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til að raska megi minjunum. Mikilvægt er að allar minjar sem fundust við vettvangsathugun verði vel merktar áður en að framkvæmdir hefjast svo að þær verði ekki fyrir skemmdum við framkvæmdirnar. Þar sem að hér er um nýlagningu vegar að ræða eru talsverðar líkur á því að áður óþekktar fornminjar geti komið í ljós við framkvæmdirnar. Því er mikilvægt að fornleifafræðingur verði til staðar til að hafa eftirlit með að áður óþekktum fornminjum verði ekki raskað.

# 5. Kort




Kort 1. Leið 1. Bæjarstæði í Arnkötludal.




Kort 2. Bæjarstæði í Gauts- og Geiradal.




Kort 3. Minjastaðir við Hrófá og í Arnkötludal á leið 1.




Kort 4. Minjastaðir við Arnkötludal á leið 1.




Kort 5. Minjastaðir við Vonarholt á leið 1.




Kort 6. Minjastaðir í Gauts-, Bakka- og Geiradal.




Kort 7. Hrófársel.




Kort 8. Minjastaðir í Arnkötludal á leið 6-N.




Kort 9. Minjastaðir við námusvæði í Arnkötludal.




Kort 10. Minjastaðir við námusvæði í Gauts- og Bakkadal.

# 6. Heimildaskrá

## Prentaðar heimildir

Árna Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók,* VII., Kaupmannahöfn 1943

Ágúst Ó. Georgsson, *Fornleifaskrá, skrá um friðlýstar fornleifar,* Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands, Reykjavík 1990

*Diplomatarium Islandicum* I-XIV, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

*Íslendinga sögur*, I, Guðni Jónsson ritstj., Reykjavík 1953.

*Íslendinga sögur*, IV, Guðni Jónsson ritstj., Reykjavík 1953.

*Íslendinga sögur*, V, Guðni Jónsson ritstj., Reykjavík 1953.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

## Óprentaðar heimildir

Örnefnastofnun, Þjóðminjasafn Íslands

Örnefnaskrár jarðanna: Tindar, Ingunnarstaðir, Svarfhóll, Littla-Brekka, Bakki, Gautsdalur, Valshamar, Vonarholt, Arnkötludalur, Tröllatunga, Tungugröf, Hrófá og Víðidalsá.